

AUGLÝSING

um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2006/2007 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum og byggðarlögum:

1. Tálknafjarðarhreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda með eftirfarandi viðauka/breytingum: c-liður 1. gr. reglugerðarinnar fellur niður. Byggðakvóta skal úthluta til fiskiskipa hlutfallslega og tekið mið af lönduðum afla til vinnslu á Tálknafirði 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.

2. Brjánslækur í Vesturbyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 skulu gilda, að öðru leyti en því að byggðakvóta til fiskiskipa á Brjánslæk verður úthlutað hlutfallslega miðað við landaðan afla í Vesturbyggð, frá 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.

3. Stykkishólmsbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda með eftirfarandi viðauka/breytingum: Byggðakvóta Stykkishólms skal skipt milli þeirra skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og aflahlutdeild í hörpuðiski í Breiðafirði var bundin við þann 1. september 2006. Byggðakvótanum skal skipt hlutfallslega miðað við aflahlutdeild í hörpuðiski í Breiðafirði þann 1. september 2006.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur ofngreindra sveitarfélaga og byggðarlags um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2006/2007, þ.e. fyrir Stykkishólmsbæ og Tálknafjarðarhrepp í 2. og 3. tl. auglýsingar nr. 524 frá 15. júní 2007 og fyrir Brjánslæk í Vesturbyggð í 1. tl. auglýsingar nr. 603 frá 5. júlí 2007.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. september 2007.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Hinrik Greipsson.